

*Ársskýrsla*  
*Menntanefndar*

04.10.2017

**STARFSÁRIÐ OKT. 2016 TIL OKT.  
2017**

---



## **Starfsárið 2016-2017 sátu eftirfarandi menn í stjórn**

### **Menntanefndar:**

Ardís Björk Brynjólfssdóttir

Herdís Reynisdóttir

Hlín Christiane Mainka Jóhannesdóttir

Jóna Dís Bragadóttir

Karen Woodrow

Line Nørgaard

Sigríður Pétursdóttir

### **Verkefni á starfsárinu**

Menntaráðstefna á Hólum vorið 2018

Háskólinn á Hólum hefur tekið að sér að skipuleggja og halda menntaráðstefnu að þessu sinni. Menntaráðstefnan gengur undir nafninu *Teaching to teach: A systematic approach to education of teachers, trainers and horses* og verður haldin dagana 23. - 25. mars 2018

Búið er að senda skipulag ráðstefnunnar til FEIF og stefnan er að byrja að auglýsa eftir FEIF fundinn 20. Október.

### **Þjálfunarstig ÍSÍ**

Nefndin hefur verið að vinna að því í samstarfi við Svein á Hólum að skilgreina menntun sérsambandsins LH til þjálfunarstigs.

Þjálfunarstiginn voru afgreidd frá stjórn LH í vor og send til ÍSÍ og voru samþykkt þar núna snemma í haust. Þetta er stórt skref fyrir menntun og hestamennsku sem íþrótt og löngu tímabært. Núna geta nemendur í framhaldskóla klárað þjálfunarstig 1-3 gegn því að kennsluskrá skólans fylgi menntunarkröfum sérsambandsins. Þeir nemendur sem hefja nám við Hestafræðideild Háskólans á Hólum haustið 2017 munu sjálfkrafa útskrifast með þjálfunarstig 1-5 í lok

þriggja ára háskólanáms. Þjálfunarstigin voru afgreidd frá stjórn LH í vor og sent til ÍSÍ, þar voru síðan allir í sumarfrí en þetta þarf að fara fyrir framkvæmdaráð ÍSÍ og verður vonandi tekið fyrir fljótt.

### **Hlutverk knapamerkjana á grunnskóla og menntaskólastigi**

Hugmyndavinna er í gangi um hvernig megi skilgreina knapamerkin eða annað hestatengd námsefni innan grunnskóla. Þar sem knapamerkin eru skilgreind innan menntamálaráðuneytisins sem kennslu 'efni fyrir framhaldsskóla eru þau ennig hönnuð með yngri þátttakendur í huga. Sumir grunnskóla kenna knapamerki 1 og 2 og eru stigin þar metin sem eininga upp í val. Einnig eru menntaskólar sem meta kláruð knapamerkjapróf til eininga og hér er greinilega skörun sem þarf að finna lausn á. Hvort sú sem að það felur í sér nýtt námsefni eða einföldun á knapamerkjunum fyrir grunnskóla. Það er greinilega vöntun og vilji fyrir að kenna hestatengd val innan grunnskóla sem er frábært fyrir nýliðun í hestamennsku og málefni sem þarf að huga vel að.

Önnur hugmyndavinna sem hefur verið í gangi er að vinna myndræna framsetningu á þeim mennatleiðum em liggja fyrir núna á Íslandi í hestamennsku.

Haustið 2016 var hestamannafélögum boðið að senda inn tillögu að reiðkennara ársins. Menntanefndin tilnefndi reiðkennarann Sigrúnu Sigurðardóttur fyrir hönd Íslands sem reiðkennara ársins 2016 til FEIF.